

Stjórnarfundur FKA #12

Starfsár: 2023-2024

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 13.05.2024

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Dóra Eyland (DE), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Engar.

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur (...) Farið hringinn og stjórnarkonur segja frá hvað þær eru að gera.
12.10 – 12.25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, kjörskrá o.fl. (AR) AR sýnir bankayfirlit sem líta vel út. Fer yfir reikninga fyrir nýliðna viðburði. Fáar félagskonur búnar að kjósa í stjórnarkosningu FKA fyrir aðalfundinn 15. maí. Stjórnarkonur hvattar til að hvetja aðrar félagskonur til að kjósa og deila á sínum miðlum.

12:25-12:35	3	Vefur FKA - staða og ráðning starfsmanns, tæknimálin og vefráð (GHJ + HBS + AR) GHJ segir frá fundi með Kaktus í síðustu viku og er búið að útbúa samning sem er kominn til AR til yfirferðar. Samningur um hýsingu ásamt vinnu í vefsíðunni, allar uppfærslur og uppihald á síðunni. Hafa mikil meðmæli og eru að sjá um heimasíður hjá mörgum stórum fyrirtækjum. Stjórn samþykkir að halda áfram með samning við Kaktus. Vorum með tilboð frá OK sem var hærra en við gátum tekið, þrátt fyrir tilraunir til lækkunar í gegnum auglýsingasamstarf og var því ákveðið að skoða frekar samning við Kaktus. Starfslýsing tilbúin fyrir verkefnastjóra heimasíðunnar sem verður ráðin gegnum VIRK.
12:35-12:45	4	Fundur með nýjum stjórnnum nefnda 22. maí (AR + UEA) Ný stjórn FKA mun funda með öllum nýjum stjórnnum nefnda 22. maí 2024.

12:45-13:00	5	Aðalfundur 15. maí m.a. skráning í nefndir, framboð, innihald glæru o.fl. (UEA + AR) Kjörstjórn (UEA) Allt gengur vel og kjörstjórnin stendur sig mjög vel. Kjörstjórn verður allan daginn í Húsi Atvinnulífsins, frá æfingunni um morguninn. Í kjörstjórn verður: Fjóla Guðrún Friðriksdóttir lðunn Kristín Grétarsdóttir Rakel Jensdóttir Sara Dögg Davíðsdóttir Baxter Sunna Rós Þorsteinsdóttir Framboð í nefndir og deildir (AR) Framboð í stjórn nefnda gengur vel og eru að lágmarki 6 konur skráðar í stjórn hverrar nefndar. Rafræn framkvæmd kosninga (UEA) Kosningin kemur vel út og virkar vel. Ársreikningur stóru penslarnir í kynningu (ISS) AR sýnir glætur fyrir aðalfundinn. ISS mun fara yfir ársreikninginn á aðalfundinum. Lagabreytingar – yfirferð á lögum félagsins (UEA) 8 lagabreytingar verða teknar fyrir á aðalfundinum. Framkvæmd aðalfundar – (UEA) BLS mun taka að sér fundarstjórn þar sem Ragnhildur þurfti að afboða sig.
-------------	---	--

13:00-13:10	6	Jafnvægisvogin viðburður með KÓK og staðan á Jafnvægisvog (DE) DE búin að funda tvisvar með jafnvægisvogarráði. Hugmyndir hvort að það eigi að gera eitthvað nýtt varðandi viðburðinn sjálfann. AR bendir á að það skiptir miklu máli að útbúa þá fjáráætlun ef á að gera breytingar. Opin málstofa verður haldin 23. maí „Arftakaáætlun, áhættustýring í takt við nýja tíma”. Jafnvægisvogarráð þarf að skila ársskýrslu fyrir aðalfund á hverju ári. Umræða um áframhaldið varðandi fleiri kyn en kven- og karlkyn. Heyrt var í Bryndísi Reynisdóttur, verkefnastjóra Jafnvægisvogarinnar, eftir stjórnarfundinn þar sem hún skýrir frá plani næsta haust. Umfjöllun verður í viðtalsþættinum Torg í haust, ekki komin lokadagsetning. Viðurkenningarathöfnin verður í október og verður svipað og síðast, hugmynd að halda hana í Háskóla Íslands. Svo í kjölfarið verður gróðursetning í Jafnréttislundi þar sem tengiliður frá hverjum viðurkenningarhafa mætir.
13:10-13:25	7	Önnur mál - Liðið: Ferðin fyrir Austan (UEA) + Heimsókn í SÝN (AR, BLS) + Mentor lokahóf Austurlandsferðin gekk mjög vel og mikil ánægja bæði með ferðina sjálfa og ráðstefnuna. Rætt um lokahóf Mentorverkefnisins hjá FKA Framtíð, varðandi kostnað ofl. - Framundan: Nýsköpunarviðburður næsta dag (AR) Nýsköpunarnefnd FKA, Nýsköpunarsjóður, HØIBERG & Kvenn halda opinn nýsköpunarviðburð á morgun „Why Intellectual Property Rights?” á Iceland Innovation Week. UEA þakkar stjórn fyrir gott starfsár og þakkar DE og BLS sérstaklega fyrir þar sem þær fara úr stjórn núna.

Fundi slitið klukkan 13:27

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir